


Seiðaframleiðsla Langár á Mýrum
árin 1992 - 1993.

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, apríl 1994 VMST-V/94004X



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Vesturlandsdeild

Seiðaframleiðsla Langár á Mýrum
árin 1992 - 1993.

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, apríl 1994 VMST-V/94004X

1. INNGANGUR.

Rannsóknir á framleiðslu laxaseiða í Langá á Mýrum hafa staðið yfir með hléum allt frá árinu 1975 og verður hér gerð grein fyrir rannsóknunum 1992 og 1993. Megintilgangur þeirra er sem fyrr að fylgjast með sveiflum í seiðaframleiðslu og styrkleika seiða-árganga, vexti laxaseiða og viðgangi á hinum ýmsu svæðum árinna.

2. AÐFERÐIR.

Árlega er fylgst með seiðaframleiðslu árinna á völdum stöðum í Langá, allt ofan ármóta við Gljúfurá niður að Sjávarfossi. Farið er yfir hvert svæði með rafveiðitaki og þéttleiki laxaseiða metinn og umreiknaður á 100 m² botnflatarmál. Þá er meðallengd (sm) einstakra aldurshópa reiknuð til að fylgjast með vaxtar-skilyrðum.

3. NIÐURSTÖÐUR

3.1. Seiðamagn 1992.

Árið 1992 var veitt á 12 veiðistöðum, dagana 26-27. ágúst, þar af 5 ofan Sveðju og 7 neðan Sveðju (Tafla 1, 1. Mynd). Klak (árgangur 1992) var í minna lagi og fannst á Horninu, Kampari og Skriðufljóti, en ekki ofan ármóta. Fjöldi eins árs seiða (árgangur 1991) var hins vegar mjög mikill og hefur aldrei mælst öflugri árin 1986-1992. Fjöldi tveggja ára seiða (árgangur 1990) var enn fremur mjög mikill og hefur aldrei mælst öflugri á þessu árabili. Þriggja ára seiði (árgangur 1989) fundust hins vegar ekki og er þetta í samræmi við fyrri mælingar (Tafla 3), en þessi árgangur (1989) hefur mælst mjög lélegur öll árin 1989-1992.

Neðan Sveðju fannst klak (árgangur 1992) á öllum veiðistöðum nema í Birgislaut (Tafla 1, 1. Mynd). Þessi aldurshópur mældist í slakara lagi, en bent er á að mælingar á seiðum á fyrsta aldurári eru oft ómarktakar. Fjöldi eins árs seiða eða árgangur frá 1991 var mjög fjölmennur og hefur þessi aldurshópur aldrei mælst fjölmennari á tímabilinu 1986-1992 (Tafla 3). Tveggja ára seiði (árgangur 1990) mældist einnig mjög fjölmennur, þrátt fyrir að

hafa komið fremur slakt út 1991 (Tafla 3). Fjöldi þriggja ára seiða (árgangur 1989) var mjög lítill, en líta ber á að neðra svæði árinna framleiðir mikið á 3 árum. Hins vegar sýna mælingar árunna 1986-1993 (Tafla 3), að þessi árgangur hefur einnig verið mjög lélegur á neðra svæði árinna 1989-1992.

3.2. Seiðamagn 1993.

Árið 1993 var veitt dagana 30-31. ágúst eða á mjög svipuðum tíma og 1992 (Tafla 2, 1. Mynd). Á fjallinu fannst klak á öllum veiðistöðum (árgangur 1993) og mun meira en fannst árið 1992. Næstu ár verða hins vegar að leiða í ljós afdrif þessa árgangs. Fjöldi eins árs seiða (árgangur 1992) var hins vegar lítill, eins og mælingin 1992 benti til. Fjöldi tveggja ára seiða (árgangur 1991) var hins vegar mikill og hefur aldrei áður mælst svo fjölmennur og virðist þessi árgangur ætla að koma mjög vel út á þessu svæði. Fjöldi þriggja ára seiða (árgangur 1990) var hins vegar lítill. Árgangurinn mældist mjög öflugur 1992 og bendir til að hann hafi að mestu gengið til sjávar vorið 1993.

Neðan Sveðju reyndist klakið almennt vera mjög slakt og hefur ekki mælst svo lélegt á árabilinu 1986-1993 (Tafla 2, 1. Mynd). Fjöldi eins árs seiða (árgangur 1992) var hins vegar mikill og hefur aðeins mælst betri 1992. Fjöldi tveggja ára seiða (árgangur 1991) var einn mjög mikill og hefur aldrei mælst öflugri. Fjöldi þriggja ára seiða (árgangur 1990) var þokkalegur og jafnt og á efra svæðinu virðist hafa gengið mikið út vorið 1993, þar sem 1992 mældist þessi aldurshópur mjög sterkur (Tafla 3).

3.3. Vöxtur seiða.

Vöxtur eins árs seiða og tveggja ára seiða er sýndur á 2. Mynd eftir veiðistöðum. Vaxtarskilyrði innan Langár eru breytileg. Besti seiðavöxturinn er efst í ánni (Ármót - Hornið) og nýtur áin þar Langavatns. Þessi áhrif hverfa er neðar dregur og vöxtur versnar smám saman, þar til hann batnar aftur neðst í ánni, en þar er áin hlýjust.

Vöxtur seiða var mun betri 1992, en 1993, sérstaklega á efri hluta árinna, en árferði var fremur óhagstætt 1993. Vöxturinn er þó mjög svipaður á milli ára á neðri hluta árinna. Líklega skiptir hitastigið þarna mestu máli, þ.e. að í kaldari árum koma áhrifin frekar fram á efri hluta árinna og þar verða sveiflurnar meiri.

3.4. Laxveiðin 1974 - 1993.

Á árunum 1974-1993, er meðalveiðin 1283 laxar. Minnsta veiðin á þessu tímabili er 610 laxar árið 1984, og mesta veiðin 2405 laxar 1978 (3. Mynd). Sveiflan milli hæðar og lægðar er því tæplega fjórföld. Veiðin var almennt mjög góð í Langá milli 1970 - 1979, en eftir það má segja að veiðin hafi alls ekki náð sér, þrátt fyrir þokkalega veiði 1986 og 1988.

Laxgengd og laxveiði hverju sinni er háð samspili margra þátta, sem skipta má í landræna og hafræna. Landrænir þáttir sem áhrif hafa á laxgengd eru seiðaframleiðsla 1 og 2 árum áður og hvernig til tekst með myndun gönguseiðabúnings og útgöngu seiða. Hafrænir þáttir fela m.a. í sér hvernig hitastig og fæðuframboð sjávar er hverju sinni sem getur haft mismunandi afföll á árgöngum í för með sér.

Laxveiðin 1993 varð afar slök eða 777 laxar og er með verstu veiðiárum sem komið hafa í Langá. Sérstaklega veiddist illa á neðsta svæði árinna, en á miðsvæðinu og fjallinu varð veiðin hlutfallslega betri. Göngurnar virtust því fara hratt í gegn á neðsta svæðinu.

4. UMRÆÐUR.

Hin lélega laxveiði 1993, kom nokkuð á óvart, þar sem ástand sjávar hefur verið tiltölulega stöðugt síðastliðin 3 ár (4. Mynd), þó segja verði að það hafi ekki verið gott síðan vorið 1987. Segja má að skýringarnar tengist einkum seiðaframleiðslunni. Vitað var að árgangurinn frá 1989 var mjög rýr, sbr mat á seiðaframleiðslu síðustu árin. Ennfremur var árgangurinn frá 1988 einungis í meðallagi, en uppistaða göngunnar 1993 í Langá

hefur verið frá þessum 2 árgöngum. Niðursveiflan varð þó meiri en áætluð hafði verið. Í á eins og Langá veldur slíkt meiri sveiflum en ella, þ.e. Langá er nær hrein smálaxaá, þannig að stórlax skiptir mjög litlu máli í veiðinni. Sama kom fram í á eins og Grímsá þar sem árgangurinn frá 1989 var einnig uppistaðan í veiðinni. Í Norðurá og Þverá, Gljúfurá og Flókadalsá, er framleiðslan að mun mun stærri hluta á fjórum árum og stórlax vegur einnig þyngra í veiðinni. Þetta gæti verið skýringin á því að veiði á miðsvæðinu og fjallinu í Langá var tiltölulega betri en á neðsta svæðinu, þar sem þessi árgangur hefur sennilega vegið þyngra en ofar í ánni þar sem árgangurinn frá 1988 hefur verið meira áberandi, þar sem vaxtarhraði seiða er þar lakari.

Samkvæmt mælingum á seiðaframleiðslunni í Langá er næsti árgangur hins vegar mun öflugri, þ.e. 1990. Þetta ætti að valda bata í laxgengd 1994, sé ingöngu tekið mið af seiðaframleiðslunni.

TAFLA 1

Áætlaður þéttleiki laxaseiða á veiðistöðum
(fjöldi á 100 m²) í Langá á Mýrum 26-27. ágúst 1992.

Veiðistaður	0+	1+	2+	>3+	Alls
Ármót	-	10,1	1,2	-	11,3
Hornið	5,8	16,0	4,4	2,7	28,9
Aukastöð	-	32,6	36,9	-	69,5
Kampari	2,8	43,9	37,6	-	81,5
Skriðuflijt	8,5	46,2	9,4	-	64,1
Fjallið Meðaltal	3,4	29,8	17,9	0,5	51,1
Vað	11,7	36,0	15,4	2,8	65,9
Bræðrasel	1,6	21,4	23,8	1,9	48,7
Stangarhylur	2,8	45,3	36,7	3,7	88,5
Byrgislaut	-	29,7	30,6	1,8	62,1
Jarðlst.kvörn	2,2	35,0	6,7	-	43,9
Túnstrengur	19,0	25,0	8,6	-	52,6
Glanni	3,5	68,4	21,0	-	92,9
Neðan Sveðju Meðaltal	5,8	37,3	20,4	1,5	64,9

TAFLA 2

Áætlaður þéttleiki laxaseiða á veiðistöðum
(fjöldi á 100 m²) í Langá á Mýrum 30-31. ágúst 1992.

Veiðistaður	0+	1+	2+	>3+	Alls
Ármót	1,7	2,9	3,3	-	7,9
Hornið	2,9	4,1	4,6	-	22,6
Kampari	2,4	2,7	25,9	0,7	31,7
Skriðufhljót	11,8	3,7	27,6	0,6	43,7
Fjallið Meðaltal	7,5	3,4	15,4	0,3	26,5
Vað	7,1	28,8	25,0	2,7	63,6
Bræðrasel	2,6	13,9	22,2	7,1	45,8
Stangarhylur	1,5	20,1	11,2	-	32,8
Byrgislaut	1,7	6,3	35,4	18,2	61,6
Glanni	-	42,7	15,3	-	58,0
Bugurinn	-	37,7	34,9	-	72,6
Neðan Sveðju Meðaltal	2,2	24,9	24,0	4,7	55,7

TAFLA 3

Meðalþéttleiki laxaseiða (Fjöldi á 100 m²)
 á Fjallinu (Ofan Sveðju) og neðan Sveðju
 í Langá á Mýrum 1986-1993.

Ártal	0+	1+	2+	>3+	Alls
Fjallið					
1986	4,9	10,5	4,1	0,2	19,7
1987	32,6	20,8	15,4	1,1	69,9
1988	5,3	12,8	1,3	0,4	19,8
1989	0,9	17,3	14,3	0,6	33,1
1990	9,0	0,7	9,7	3,2	22,6
1991	12,8	16,8	0,9	4,1	34,6
1992	3,4	29,8	17,9	0,5	51,6
1993	7,5	3,4	15,4	0,3	26,6
N.Svæði					
1986	20,1	4,1	14,9	1,4	40,5
1987	4,9	13,3	5,6	4,9	28,7
1988	16,3	18,8	13,6	1,4	50,1
1989	9,7	14,0	13,0	7,1	43,8
1990	8,7	6,3	8,5	10,7	34,2
1991	2,4	6,1	1,3	1,6	11,4
1992	5,8	37,3	20,4	1,5	65,0
1993	2,2	24,9	24,0	4,7	55,8

TAFLA 4

Meðallengdir (sm) laxaseiða eftir veiðistöðum
og aldurshópum 26-27. ágúst 1992. Fjöldi í sviga.

Staður	0+	1+	2+	3+	4+
Ármót		7,2 (20)	9,9 (4)		
Hornið	3,1 (12)	6,4 (34)	7,9 (9)	10,2 (6)	11,7 (1)
Aukast.		6,0 (17)	8,4 (24)		
Kampari	2,8 (3)	5,8 (72)	8,4 (36)		
Skr.flj.	2,8 (7)	5,3 (51)	8,3 (13)		
Vað	3,3 (10)	5,5 (41)	8,1 (22)	10,0 (2)	10,0 (2)
Bræðras.	3,4 (1)	5,3 (18)	7,3 (25)	8,6 (1)	10,3 (1)
St.hylur	3,4 (3)	5,5 (52)	7,4 (43)	10,0 (2)	10,7 (2)
Birgisl.		4,7 (43)	6,5 (38)	8,4 (1)	9,9 (2)
Jarðl.kv	3,3 (1)	5,6 (21)	7,0 (5)		
Túnstr.	3,4 (8)	5,2 (14)	6,7 (5)		
Glanni	3,8 (1)	5,9 (26)	8,0 (10)		


TAFLA 5

Meðallengdir laxaseiða (sm) eftir veiðistöðum
og aldurshópum 30-31.08 1993.


Staður	0+	1+	2+	3+	4+
Ármót	3,1 (4)	5,8 (10)	9,7 (14)		
Hornið	3,2 (24)	5,6 (10)	9,9 (21)		
Kampari	2,9 (2)	5,0 (3)	8,0 (29)	10,2 (1)	
Skr.flj	3,2 (11)	5,1 (5)	7,1 (47)	10,7 (1)	
Vað	3,1 (2)	4,9 (63)	7,0 (65)	9,5 (9)	
Bræðras	3,3 (2)	5,0 (14)	7,3 (28)	9.8 (9)	
St.hylur	3,0 (2)	5,3 (36)	7,6 (26)		
Birgisl.	2,9 (1)	5,1 (5)	6,5 (35)	8.6 (17)	
Glanni		5,3 (40)	7,8 (18)		
Bugurinn		5,6 (38)	7,8 (44)		

1. Mynd: Lengdardreifing sm laxaseiða ofan og neðan Sveðjufoss í Langá 1992 - 1993.

Langá 1992 (Neðan Sveðju)




Langá 1992 (Fjallið)




Page 1

Page 1

Langá 1993 (Neðan Sveðju)




Langá 1993 (Fjallið)




2. Mynd: Meðallengdir 1+ og 2+ laxaseiða á nokkrum veiðistöðum í Langá í lok ágúst 1992-1993.

Meðallengdir (sm) 1+ seiða eftir veiðistöðum í Langá 1992-1993




Meðallengdir 2+ seiða í Langá 1992-1993



3. Mynd: Laxveiðisá stöng í Langá á Mýrum 1974-1993.

LAXVEIÐI Á STÖNG Í LANGÁ 1974 - 1993



4. Mynd: Sjávarhiti á Látrabjargssniði 1970-1990.

